

## Náttúruskólinn í Reykjavík.

Fundargerð 6. des. 2010.

Fundurinn fór fram í Borgartúni.

Mættir voru: Helena, Jóhanna, Hafdís, Aðalheiður og Jónína sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi var rætt:

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
- Umhverfisgátlistinn fyrir Náttúruskólann í Reykjavík. Helena hefur nú þegar fyllt hann út, fórum saman yfir listann og allir sammála um það sem þar stendur.
- Rædd næstu skref og ákveðið að samgöngur verði næsta þema fyrir skólann á vorönn. Í því sambandi komu ýmsar upplýsingar frá Engjaskóla í tengslum við þeirra þema og almenningssamgöngur.
- Náttúruskólinn hefur verið skráður skóli á grænni grein frá árinu 2008 og spurning er hvenær tímabært er að senda inn skýrslu og óska eftir fánanum. Ársskýrsla Náttúruskólans á að vera tilbúin 1. febr. og verður þá send sem fylgiskjal með grænfánaskýrslu.
- Ný námskeið skólans byrja í lok mars og vorönn skólans lýkur um maí/júní og spurning um að fá úttekt þá.
- Hvar á svo að flagga Grænfánanum? Er það hlutverk nefndarinnar að senda Menntaráði tillögu að því hvar fáninn á að vera? Hugmynd kom um Heiðmörk eða Grasagarðinn.

Næstu skref:

Næsti fundur: 28. febr. í Hálsakoti. Þá þarf að ganga frá námskeiðum vorannar með tilliti til samgangna.

fundi slitið.